

Peckingarnet Austurlands

Könnun á áhuga iðnaðarmanna á Austurlandi á iðnfræðinámi við Háskólann í Reykjavík

Könnun gerð í febrúar og mars 2011

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Útdráttur	3
Gögn og aðferðir.....	4
Niðurstöður	5
Áhugi á námi í við Háskólann í Reykjavík.....	5
Nám í iðnfræði.....	5
Ástæður þeirra sem ekki hafa áhuga.....	6
Áhugi á fjarnámi í frumgreinum við Opna Háskólann í HR.....	6
Ástæður þeirra sem hafa ekki áhuga.....	7
Áhugi á öðru námi	7
Stefna á frekara nám.	7
Nám sem stefnt er á	8
Ástæður þeirra sem hafa ekki áhuga á frekara námi.	8
Væri stuðningur í fjórðungnum hvatning til að fara í fjarnám?	8
Einkenni svarhóps.....	9
Menntun.....	9
Iðngrein	10
Hve langt frá útskrift.....	10
Starfsvettvangur	11
Kyn	11
Aldur	12
Næsta starfstöð PNA	12
Næsta starfstöð þeirra sem hafa áhuga á fjarnámi við HR.	13
Athugasemdir svarenda	14
Samantekt	15
Viðaukar.	16
Viðauki 1: Beiðni um þátttöku.....	16
Viðauki 2: Spurningalistinn	18
Viðauki 3: Ítrekun	22

Inngangur

Könnun þessi er unnin að frumkvæði Háskólans í Reykjavík og verða niðurstöður hennar notaðar til að efla framboð á fjarnámi fyrir iðnaðarmenn, fjarnámi í frumgreinum og meta þörf fyrir aukinn stuðning við fjarnema á Austurlandi.

Könnunin var unnin af Þekkingarneti Austurlands í samstarfi við Háskólann í Reykjavík í febrúar og mars 2011.

Höfundur skýrslu er Sigrún Víglundsdóttir, verkefnastjóri hjá Þekkingarneti Austurlands. Stefanía Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri ÞNA, Ásrún Matthíasdóttir, lektor við HR, Jens Arnljótsson, lektor við HR og Málfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður frumgreina við HR lásu yfir spurningalista. Guðrún Á. Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá ÞNA aðstoðaði við úrvinnslu gagna og yfirlestur skýrslu.

Útdráttur

Könnun var gerð meðal iðnaðarmanna á Austurlandi til að meta áhuga þeirra á frekara námi, einkum iðnfræði og þörf fyrir stuðning við fjarnema á Austurlandi.

Könnunin bendir til þess að allstór hópur iðnaðarmanna á Austurlandi hafi áhuga á fjarnámi í iðnfræði og þá einkum rafiðnfræði og véliðnfræði.

Þeir sem segjast hafa áhuga á frekara námi telja nánast allir að aukinn stuðningur í fjórðungnum væri hvatning til að fara í fjarnám. Meira en helmingur þeirra sem segjast ekki hafa áhuga á frekara námi telja aukinn stuðningur í fjórðungnum virka hvetjandi til að fara í fjarnám.

Sú þjónusta sem menn vilja sjá er að hafa stuðningstíma á staðnum og sleppa við staðarlotur í Reykjavík auk þess sem nálægð og samvinna við aðra nemendur er eftirsóknarverð.

Eitthvað er um að menn viti ekki hvað felst í iðnfræðináminu og hvaða möguleika það opnar.

Á grundvelli þessara niðurstaðna er lagt til að kannaðir verði kostir þess að bjóða fjarnám í rafiðnfræði og véliðnfræði á Austurlandi með aukna þjónustu í heimabyggð. Lagt er til að vinnulotur í náminu verði á Austurlandi. Einnig er lagt til að nemendur fái aðgang að kennara á Austurlandi t.d. í formi reglulegra dæmatíma eða viðtalstíma.

Gögn og aðferðir

Könnunin var gerð rafrænt í gegnum www.createsurvey.com í febrúar og mars 2011.

Beiðni um þátttöku ásamt slóðinni var send í tölvupósti til AFLs starfsgreinafélags, VM-Félags vélstjóra og málmtæknumanna, Rafiðnaðarsambands Íslands og Alcoa með beiðni um að áframsenda póstinn á iðnaðarmenn á Austurlandi.

Í könnuninni var spurt um áhuga á iðnfræðinámi við Háskólann í Reykjavík.

Helstu þættir sem spurt var um eru:

- Áhugi á námi í iðnfræði. Ef svarið við því var jákvætt var fólk beðið að velja milli mismunandi sviða, en einnig gefinn möguleiki á að tilgreina annað nám.
- Áhugi á fjarnámi í frumgreinum. Áhugasamir voru beðnir um nánari upplýsingar.
- Stefna á frekara nám, annað en framantalið.
- Hvort menn teldu aukinn stuðning við fjarnema á Austurlandi hvetja menn til að fara í fjarnám.

Að auki var spurt um bakgrunn: starfsvettvang, menntun, kyn, aldur og næstu starfstöð þNA. Spurningalistann í heild má sjá í viðauka 2.


Niðurstöður

Alls bárust 63 svör. Ekki er hægt að áætla svarhlutfallið þar sem ekki liggur fyrir hve margir fengu könnunina.

Áhugi á námi í við Háskólann í Reykjavík


Nám í iðnfræði

Spurningunni „Hefur þú áhuga á fjarnámi í iðnfræði við Háskólann í Reykjavík“ svöruðu 45 játandi (71%) en 18 neitandi (29%) (mynd 1)




Mynd 1 Hefur þú áhuga á fjarnámi í iðnfræði við Háskólann í Reykjavík ?

Þeir sem höfðu áhuga voru beðnir að velja svið innan iðnfræðinnar. Flestir hafa hug á að læra rafiðnfræði eða 23 (51%), 19 lýstu áhuga á véliðnfræði (42%), 3 nefna byggingariðnfræði (7%) og 1 svarar ekki (2%). Tveir völdu bæði rafiðnfræði og véliðnfræði. (mynd 2)



Mynd 2 Hvað af eftirfarandi vekur áhuga þinn.

Í sömu spurningu gátu menn merkt við framhaldsleiðir og undirbúning. Af þeim sem svöruðu höfðu 10 (22 %) áhuga á rekstrarfræði að loknu námi í iðnfræði, 2 (4 %) höfðu áhuga á byggingarfræði að lokinni byggingariðnfræði, 4 (9 %) höfðu áhuga á að taka „Grunnar“ fjögur námskeið til undirbúnings náms í iðnfræði. (mynd 3)



Mynd 3 Hvað af eftirtöldu vekur áhuga þinn frh.


Ástæður þeirra sem ekki hafa áhuga.

Fjórum fannst þeir vera of gamlir til að fara í nám, tveir töldu sig búna að mennta sig nóg, tveir stefndu á annað nám, einn hafði þegar lokið námi í iðnfræði, einn nefndi kostnað, einn var í meistaranámi, einn nefndi tímaskort og einn hafði ekki áhuga á frekari námi alveg strax.

Áhugi á fjarnámi í frumgreinum við Opna Háskólann í HR.


Af þeim sem svöruðu spurningunni „Hefur þú áhuga á fjarnámi í frumgreinum við Opna Háskólann í HR“ svara 37 (59 %) henni játandi, 23 (36 %) hafa ekki áhuga en 3 (5 %) svara ekki. (mynd 4)

Af þessum 37 höfðu 35 sagst hafa áhuga á fjarnámi í iðnfræði en 2 höfðu svarað þeirri spurningu neitandi.



Mynd 4 Hefur þú áhuga á fjarnámi í frumgreinum við Opna Háskólann í HR

Þeir sem höfðu áhuga á frumgreinanáminu voru beðnir að velja hvort þeir hefðu áhuga á einni önn til undirbúnings iðnfræðinámi og völdu 26 (70 %) þá leið, en 11 (30 %) höfðu áhuga á öllum þrem önnunum í frumgreinanáminu (mynd 5).



Mynd 5 Hvor leiðin hentar þér?


Ástæður þeirra sem hafa ekki áhuga

Eftirtalin atriði voru nefnd: ekki áhugi á frekari menntun strax, „Búinn með meistaran og eina sem iðnfræðingur hefur fram yfir er að hann má kalla sig iðnfræðing“, tímaskortur og aldur (3). Þrír höfðu lokið frumgreinanámi eða sambærilegu.

Áhugi á öðru námi

Stefna á frekara nám.

Spurningunni „Stefnir þú á frekara nám (annað en talið er hér að framan?)“ svöruðu 21 (33 %) játandi og 39 (62 %) neitandi. Þrír (5 %) svöruðu ekki (mynd 6).



Mynd 6 Stefnir þú á frekara nám (annað en talið er hér að framan)?

Nám sem stefnt er á


Þau fög sem nefnd voru í þessum lið voru, meistaranám (3), ljúka sveinsprófi(2), vélstjórnarnám (2), rafmagnsfræði (1), tæknifræði (4), verkfræði (3), ferðamálafræði(1)

Ástæður þeirra sem hafa ekki áhuga á frekara námi.

Átta þátttakendur skráðu eitthvað við þennan lið. Tveir töldu sig of gamla, einn var í námi, einn nefndi tungumál, en fjórir útilokuðu ekki að þeir færu í frekara nám í framtíðinni þó þeir væru ekki tilbúnir núna.

Væri stuðningur í fjórðungnum hvatning til að fara í fjarnám?

Spurt var „Teldir þú hvatningu fyrir þig til að fara í fjarnám ef boðið væri upp á stuðning við námið á Austurlandi t.d. stuðningstíma?“ Langflestir (87 %) svara spurningunni játandi eða 55, „Nei“ segja 6 (10 %) en 2 (3 %) svara ekki. (mynd 7)



Mynd 7 Teldir þú hvatningu fyrir þig að fara í fjarnám ef boðið væri upp á stuðning við námið á Austurlandi t.d. stuðningstíma.

Fimm af þeim sex sem segja nei höfðu neitað öllum fyrri spurningum um áhuga á námi. Sá sjötti stefndi á frekara nám í rafmagnsfræði.

Allir sem segjast hafa áhuga á fjarnámi iðnfræði og/eða frumgreinanámi telja aukinn stuðning hvatningu til að fara í fjarnám, nema einn sem svarar ekki.

Samtals eru 12 sem neita áhuga á iðnfræði, frumgreinum og öðru námi. Af þeim telja 7 aukinn stuðning hvatningu til að fara í fjarnám.

Gefinn var kostur á nánari útskýringum og fengust eftirfarandi athugasemdir.


- „Ég er búinn að taka hluta námsins og veit að stuðningur og samvinna við aðra nemendur er nauðsynleg í þessu fjarnámi.“
- „Enginn vafi að svo er. Ég var í fjarnámi í gegnum Bifröst miklu hefði munað ef stuðningur væri í fjórðungnum.“
- „Það gefur mér möguleika að læra heima fyrir minni kostnað og eykur möguleika fólks sem býr úti á landi.“
- „Þoli ekki að þurfa að fara til Reykjavíkur þegar eru starfshelgar“
- „Það er boðið upp á stuðningstíma í Reykjavík og því ekki sama aðstaða hér og starfshelgar í Reykjavík eru kostnaðarsamar.“

Einkenni svarhóps

Menntun

Þegar spurt var um menntun sögðust 54 (86 %) hafa lokið sveinsprófi, 18 (29 %) höfðu lokið meistaraprófi, tveir (3 %) höfðu lokið háskólaprófi og jafnmargir frumgreinaprófi, 11 (17 %) merktu við annað og nefndu 10 af þeim nám í vélstjórn en sá ellefti var í námi og stefndi á stúdentspróf. Tveir (3 %) svörðu ekki. Hægt var að haka við fleiri en eitt og nefndu 20 tvö atriði og 5 þrjú atriði. (mynd 8) Af þeim sem sögðust hafa lokið meistaraprófi merktu 14 einnig við sveinspróf, en fjórir ekki.

Eftir standa fimm sem hvorki merkja við sveinspróf né meistarapróf. Þeir lýsa allir áhuga á fjarnámi í iðnfræði. Tveir svara ekki spurningu um menntun, tveir eru í námi og stefna á að ljúka sveinsprófi, einn hefur lokið námi vélavardar.




Mynd 8 Hvaða menntun hefur þú?

Iðngrein

Stærsti hópur svarenda hafði lært rafvirkjun eða 24 (38 %), vélvirkjar voru næstflestir eða 20 (32 %). Húsgagnsmiðir í hópi svarenda voru 7 (11 %), bifvélavirkjar 2 (3 %), húsgagnsmiðir og málararar 1 úr hvorri iðngrein (2 %). Þeir sem nefndu annað voru 8 (13 %) og þeir sem svöruðu ekki voru 5 (8 %). Fimm voru menntaðir í tveimur iðngreinum. (mynd 9).


Önnur menntun sem var nefnd var: Rafeindavirkjun, bifreiðasmíði, netagerð, rennismíði, vélstjórnarréttindi og blikksmíði.



Mynd 9 Í hvaða iðngrein hefur þú sveinspróf/meistarapróf

Hve langt frá útskrift


Stærsti hópur svarenda eða 22 (35 %) útskrifuðust úr námi á síðustu fimm árum. Næst stærsti hópurinn eða 16 (25 %) útskrifaðist fyrir meira en 20 árum, 11 (17 %) útskrifuðust fyrir 6 - 10 árum, 9 (14 %) fyrir 11 – 15 árum og 5 einstaklingar (8 %) fyrir 16 - 20 árum (mynd 10)



Mynd 10 Hve langt er síðan þú útskrifaðist úr námi ?

Starfsvettvangur

Langflestir (76 %) þeirra sem svöruðu eru launþegar starfandi við sína iðn eða 48, sjálfstætt starfandi við sína iðn voru 4 (7 %) en 7 (11 %) þeirra sem svöruðu vinna ekki við sína iðngrein. Annað völdu 4 (6 %). (mynd 11)




Mynd 11 Starfsvettvangur

Störf sem nefnd voru undir liðnum annað voru: vélfræðingur í orkuveri, sérfræðingur í ástandsgreiningum vélbúnaðar, ferlafræðingur og starfsmaður rafveitu.

Kyn


Svör bárust frá 3 konum (5 %) og 60 körlum (95 %), (mynd 12)



Mynd 12 Kyn

Aldur


Af þeim 58 sem svara eru 22 á aldrinum 31-40 ára (35 %). Á aldrinum 41-50 ára eru 14 (22 %), 12 eru á aldrinum 51-60 ára (19 %) og jafnmargir eru yngri en 30 ára. Eldri en 60 ára eru 3 (5 %). (mynd 13).



Mynd 13 Aldur

Næsta starfsstöð ÞNA


Flestir þeirra sem svara búa í nágrenni við Reyðarfjörð og telja 27 (43 %) það næstu starfsstöð ÞNA. Egilsstaðir eru í öðru sæti en 23 (37 %) telja styst að fara þangað. Í þriðja sæti er Neskaupstaður en 8 (13 %) svarendur búa þar. Af þeim sem svara nefna 5 Höfn sem næstu starfsstöð ÞNA eða 8 % enginn nefnir Vopnafjörð. (mynd 14).



Mynd 14 Næsta starfsstöð ÞNA

Næsta starfstöð þeirra sem hafa áhuga á fjarnámi við HR.

Þeir sem hafa áhuga á námi við Háskólann í Reykjavík (iðnfræði og/eða frumgreinanám) eru 47. Ef skoðuð er búseta þeirra sérstaklega kemur svipuð mynd. Stærsti hópurinn er á Reyðarfirði eða 22 (47%), í nágrenni Egilsstaða búa 18 (38%), á Neskaupstað 4 (9%) og á Höfn 3 (6%). (mynd 15)



Mynd 15 Næsta starfsstöð þeirra sem hafa áhuga á fjarnámi í iðnfræði og/eða frumgreinum.

Athugasemdir svarenda

Í lokin gátu þátttakendur komið á framfæri athugasemdum og fengust eftirfarandi athugasemdir:

- „Takk fyrir að bjóða nám nærri heimabyggð“
- „Mjög sniðugt að kynna mönnum betur þennan möguleika með iðnfræðina því það er miklu meira spennandi kostur heldur en meistaranámið sem maður þarf að hafa mikið fyrir að klára og flestir hætta þegar þeim er ljóst hvað þetta er mikil vinna en iðnfræðin býður kannski upp á meiri möguleika með framhaldið, ég hefði skoðað iðnfræðina betur ef ég hefði vitað af henni áður en ég byrjaði í meistaranum“
- „Stuðningur og samstarf nemenda á mínu svæði mundi trúlega verða til þess að ég héldi áfram náminu í véliðnfræði“.
- „Ég er mjög áhugasamur um þetta nám og stefni á þetta á næstu önnum.“
- „Takk fyrir að senda þennan spurningalista. Gaman að hugsa um frekara nám.“
- „Athyglisvert framtak sem rétt er að vinna áfram. Styrkir búsetu fjarri suðupotti samfélagsins 101.“
- „Hvern vantar iðnfræðing? Engan sem ég þekki.“
- „Nauðsynlegt að fólk geti menntað sig í heimabyggð, til að fá lifandi landsbyggð.“
- „Finna leiðir til að þurfa ekki að fara til Reykjavíkur í starfshelgar. Hafa þær í fjarfundarbúnaði. 120000 námsgjöld + 2 ferðir til RVK = 200000 lágmark á önn er bara rugl.“
- „Varðandi frumgreinanámið erfitt að gera sér fulla grein fyrir hvort hentaði betur, nema að gera sér grein fyrir hvað námið tæki mikinn tíma frá starfi hvort sem valið væri 1 vetur eða 3, og einnig hver kostnaðurinn væri við námið á einum vetri, og svo hver hann væri á 3 veturnum. Svárið er því ekki alveg marktækt að mínu mati.“
- „Líst vel á þetta.“

Samantekt

Eins og fyrr er getið er ekki þekkt hver margir fengu könnunina. Slóðin á könnunina var ekki send beint á þátttakendur heldur í gegnum stéttarfélag og vinnuveitanda sem ekki gáfu í öllum tilfellum upp fjölda. Eitthvað var um að netföng væru úrelt og líklegt er að þeir sem fengu könnunina senda í gegnum Alcoa hafi líka fengið hana í gegnum stéttarfélagið.

Ætla má að þeir sem eru jákvæðastir gagnvart frekari menntun svari svona könnun frekar en þeir sem hafa minni áhuga og því erfitt að meta hvort og þá hvaða ályktanir má draga af þessum niðurstöðum varðandi hópinn sem ekki svarar. Ekki er heldur þekkt hve sá stór hópur er.

Engu að síður eru svör það mörg að ljóst er að stór hópur iðnaðarmanna á Austurlandi hefur áhuga á frekara námi eða 80 % þeirra sem svara. Mestur er áhuginn fyrir námi í rafiðnfræði og véliðnfræði enda eru rafvirkjar og vélvirkjar um 70% þeirra sem svara. Flestir þeir sem hafa áhuga á iðnfræðinámi hafa einnig áhuga á frumgreinanámi ýmist einni eða þremur önnur.

Langflestir telja að stuðningur við fjarnám í heimabyggð skipti miklu máli varðandi námið og telja mikil ferðalög vegna vinnulota í Reykjavík mjög neikvæð. Einnig kemur fram að aukinn stuðningur kennara og stuðningur af nemendahópi væri eftirsóknarvert.

Því er gerð tillaga um að boðið verði upp á fjarnám í rafiðnfræði og véliðnfræði á Austurlandi með sérstökum stuðningi í heimabyggð. Sá stuðningur felist í að staðbundnar vinnulotur (vinnuhelgar) fari fram á Austurlandi og að nemendur hafi aðgang að stuðningskennara fyrir dæmareikning og önnur sérhæfð verkefni.

Flestir sem svöruðu könnuninni eru búsettir á mið Austurlandi og myndu geta nýtt sér þjónustu á Reyðarfirði eða á Egilsstöðum.

Viðaukar.

Viðauki 1: Beiðni um þátttöku.

Kæri viðtakandi.

Okkur hjá Þekkingarneti Austurlands langar að biðja þig að taka þátt í stuttri rafrænni könnun. Könnunin er gerð í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og verða niðurstöður hennar notaðar til að efla framboð á fjarnámi fyrir iðnaðarmenn og meta þörf fyrir aukinn stuðning við fjarnema á Austurlandi.

Könnunin er rafræn og er hægt að nálgast hana á slóðinni: <http://www.createsurvey.com/s/OprBri/>

Nánari upplýsingar um könnunina og nám við Háskólann í Reykjavík er að finna í viðhengi með þessum pósti.



Sigrún Viglundsdóttir

Verkefnastjóri

Sími: 470 3831 / 868 7431

Netfang: sigrun@tna.is

KÖNNUN Á ÁHUGA IÐNAÐARMANNA Á AUSTURLANDI Á IÐNFRÆÐINÁMI VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Kæri viðtakandi.

Okkur hjá Þekkingarneti Austurlands langar að biðja þig að taka þátt í stuttri rafrænni könnun. Könnunin er gerð í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og verða niðurstöður hennar notaðar til að efla framboð á fjarnámi fyrir iðnaðarmenn og meta þörf fyrir aukinn stuðning við fjarnema á Austurlandi.

Þátttaka í könnuninni er valfrjálst en fleiri svör gefa gleggri mynd af námsþörfum iðnaðarmanna á Austurlandi. Ekki er hægt að rekja svör til einstaklinga.

Könnunin er rafræn og er hægt að nálgast hana [hér](#).

Háskólinn í Reykjavík (HR) býður upp á 90 ECTS diplómanám í Iðnfræði í fjarnámi og skiptist námið í

- [Véliðnfræði](#)
- [Rafiðnfræði](#)
- [Byggingariðnfræði](#)

Gert er ráð fyrir að nemendur geti stundað námið á hálfum hraða með vinnu og lokið því á þrem árum en á 1,5 ári ef það er stundað sem fullt nám. Kröfur um bóklegan undirbúning umfram sveinspróf eru 12 einingar til viðbótar í tungumálum (ísl., ens., dan.) og 12 einingar til viðbótar í raungreinum (stæ., eðl, efn). Háskólinn í Reykjavík býður upp á undirbúningsnám í fjarnámi (stærðfræðigrunnur, raungreinagrúnnur, tungumálagrunnur I og II). Önnur önn (F2) í Frumgreinanennt HR telst einnig fullnægjandi undirbúningur en fyrirhugað er að bjóða hana í fjarnámi.

Þeir sem hafa lokið meistaranámi í iðngrein eða stúdentsprófi uppfylla kröfur um bóklegan undirbúning og geta hafið nám í iðnfræði án frekari undirbúnings.

Réttindi að iðnfræðinámi loknu:

Til að útskrifast sem iðnfræðingur, sem er lögverndað starfsheiti, þarf nemandi að hafa lokið sveinsprófi í iðngrein á viðkomandi sviði og veitir námið þá rétt til meistaraþrúfs.

Þeim sem ljúka byggingar-, vél- eða rafiðnfræði býðst að bæta við sig 30 ECTS eininga fjarnámi í [rekstrariðnfræði](#).


Byggingariðnfræðingar fá réttindi til að starfa sem byggingarstjórar. Þeir geta einnig haldið áfram námi í [byggingafræði](#) sem er 210 ECTS eininga BSc nám og er iðnfræðin (90 ECTS einingar) metin að fullu inn í það nám.

Frumgreinanám

Opni Háskólinn í Háskólanum í Reykjavík býður upp á námi frumgreinanám í fjarnámi og er hægt að nýta eina önn (F2) þar sem undirbúningur fyrir iðnfræðinámi en einnig að ljúka þar þriggja anna námi til undirbúnings háskólanámi í tæknigreinum t.d. tæknifræði. Fjarnámið er boðið á hálfum hraða þ.e. hver önn tekur einn vetur.

Viðauki 2: Spurningalistinn

Könnun á áhuga iðnaðarmanna á Austurlandi á iðnfræðinámi við Háskólann í Reykjavík



Hefur þú áhuga á fjarnámi í iðnfræði við Háskólann í Reykjavík?

Já

Nei, af hverju ekki?

Næsta

Survey Powered by CreateSurvey

Könnun á áhuga iðnaðarmanna á Austurlandi á iðnfræðinámi við Háskólann í Reykjavík



Hefur þú áhuga á fjarnámi í iðnfræði við Háskólann í Reykjavík?

Já

Nei, af hverju ekki?

Hvað af eftirfarandi vekur áhuga þinn (haka má við fleiri en einn möguleika).

Véliðnfræði

Byggingariðnfræði

Rafiðnfræði

Rekstrariðnfræði, að loknu námi í iðnfræði

Byggingarfræði, að loknu námi í Byggingariðnfræði


Grunnar (4 námskeið)

Annað, hvað

Næsta

Survey Powered by CreateSurvey

Könnun á áhuga iðnaðarmanna á Austurlandi á iðnfræðinámi við Háskólann í Reykjavík



Hefur þú áhuga á fjarnámi í frumgreinum við Opna Háskólann í HR

Já

Nei, af hverju ekki?

Næsta

Survey Powered by CreateSurvey

Page 2 of 9

Könnun á áhuga iðnaðarmanna á Austurlandi á iðnfræðinámi við Háskólann í Reykjavík



Hefur þú áhuga á fjarnámi í frumgreinum við Opna Háskólann í HR

Já

Nei, af hverju ekki?

Hvor leiðin hentar þér?

Ein önn til undirbúnings iðnfræðinámi (tekið á einum vetri)

Allar þrjár annir í frumgreinanáminu (tekið á þrem vetrum)

Næsta

Survey Powered by CreateSurvey

Page 2 of 9

Könnun á áhuga iðnaðarmanna á Austurlandi á iðnfræðinámi við Háskólann í Reykjavík



Stefnir þú á frekara nám (annað en talið er hér að framan)

Já

Nei

Næsta

[Survey Powered by CreateSurvey](#)

Page 3 of 9

Könnun á áhuga iðnaðarmanna á Austurlandi á iðnfræðinámi við Háskólann í Reykjavík



Stefnir þú á frekara nám (annað en talið er hér að framan)

Já

Nei

Nánar um nám sem stefnt er að

Næsta

[Survey Powered by CreateSurvey](#)

Page 3 of 9

Könnun á áhuga iðnaðarmanna á Austurlandi á iðnfræðinámi við Háskólann í Reykjavík



Teldir þú hvatningu fyrir þig til að fara í fjarnám ef boðið væri upp á stuðning við námið á Austurlandi t.d. stuðningstíma

Já

Nei

Nánar

Næsta

[Survey Powered by CreateSurvey](#)

Page 4 of 9

Könnun á áhuga iðnaðarmanna á Austurlandi á iðnfræðinámi við Háskólann í Reykjavík



Hvaða menntun hefur þú ?

Sveinspróf

Meistarapróf

Stúdentspróf

Frumgreinapróf

Háskólapróf

Annað, hvað

Næsta

[Survey Powered by CreateSurvey](#)

Page 5 of 9

Hvaða menntun hefur þú ?

- Sveinspróf
- Meistarapróf
- Stúdentspróf
- Frumgreinapróf
- Háskólapróf
- Annað, hvað

Í hvaða iðngrein(um) hefur þú sveinspróf/meistarapróf

- Húsasmiði
- Húsgagnasmiði
- Málaraiðn
- Pípulagnir
- Rafvirkjun
- Bifvélavirkjun
- Vélvirkjun
- Annað, hvað

Næsta

[Survey Powered by CreateSurvey](#)

Page 5 of 9

Hve langt er síðan þú útskrifaðist úr námi?

- minna en 5 ár
- 6 - 10 ár
- 11 - 15 ár
- 16 - 20 ár
- yfir 20 ár

Næsta

[Survey Powered by CreateSurvey](#)

Page 6 of 9

Starfsvettvangur

- Sjálfstætt starfandi við mína iðn
- Launþegi við mína iðn
- Vinn ekki við mína iðngrein
- Annað, hvað

Næsta

[Survey Powered by CreateSurvey](#)

Page 7 of 9

Könnun á áhuga iðnaðarmanna á Austurlandi á iðnfræðinámi við Háskólann í Reykjavík



Kyn

- Karl
 Kona

Aldur

- Yngri en 30 ára
 31 - 40 ára
 41 - 50 ára
 51 - 60 ára
 eldri en 60 ára

Miðað við þína búsetu, hvar er næsta starfsstöð Þekkingarnets Austurlands

- Egilsstaðir
 Hófn
 Neskaupstaður
 Reyðarfjörður
 Vopnafjörður
 Veit ekki

Næsta

[Survey Powered by CreateSurvey](#)

Page 8 of 9

Könnun á áhuga iðnaðarmanna á Austurlandi á iðnfræðinámi við Háskólann í Reykjavík



Annað sem þú vilt koma á framfæri

Senda svör

[Survey Powered by CreateSurvey](#)

Page 9 of 9

Viðauki 3: Ítrekun

Góðan dag

Ég þakka þeim sem hafa svarað kærlega fyrir sína þátttöku.

Könnunin verður opin fram á föstudag 11. mars á slóðinni: <http://www.createsurvey.com/s/OprBrij/>

Bestu kveðjur



Sigrún Víglundsdóttir

Verkefnastjóri

Sími: 470 3831 / 868 7431

Netfang: sigrun@tna.is